

Niðurstöður aðalfundar Haga hf. 27. maí 2025

Meðfylgjandi má sjá niðurstöður aðalfundar Haga hf. sem haldinn var á Nauthól, Nauthólsvegi 106 í Reykjavík þann 27. maí 2025. Fundurinn hófst kl. 15:00. Tillögur fundarins voru samþykktar svohljóðandi:

1) Ársreikningur (dagskrárliður 2)

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, var lagður fram og samþykktur samhljóða.

2) Ráðstöfun hagnaðar (dagskrárliður 3)

Tillaga stjórnar Haga hf. um greiðslu arðs sem nemur 50,0% hagnaðar ársins, án áhrifa matsbreytinga og afkomu hlutdeildarfélagar, eða 2,28 krónur á hlut útistandandi hlutafjár, samtals 2.504 milljónir króna, var samþykkt samhljóða. Arðsréttindadagur verður 30. maí 2025, arðleysisdagur 28. maí 2025 og arðgreiðsludagur 5. júní 2025.

608

3) Breyting á samþykktum félagsins (dagskrárliður 4)

Tillaga stjórnar um breytingu á grein 3.18 í samþykktum félagsins, um dagskrá aðalfundar, var samþykkt samhljóða. Breytingin var eftirfarandi, þar sem viðbætur eru feitletraðar:

- > Dagskrárliður 5) Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna **og undirnefnda**
- > Dagskrárliður 6) Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu **og skýrsla starfskjaranefndar**
- > **Dagskrárliður 9) Kosning um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd**

4) Þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda (dagskrárliður 5)

Tillaga stjórnar Haga hf. um 3,5% hækkun stjórnarlauna var samþykkt, þ.e. stjórnarformaður fær greitt kr. 826.000,- á mánuði, varaformaður kr. 608.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 413.000,- á mánuði. Samþykkt var að laun í endurskoðunarnefnd hækki og verði kr. 110.000,- á mánuði og að laun formanns verði tvöföld upphæð. Laun í starfskjaranefnd hækka og verða kr. 95.000,- á mánuði og laun formanns verða tvöföld upphæð. Þá var samþykkt að nefndarmönnum tilnefningarnefndar verði greitt skv. reikningi 27 þús. kr. pr./klst.

5) Starfskjarastefna (dagskrárliður 6)

Tillaga stjórnar um óbreytta starfskjarastefnu var samþykkt samhljóða.

6) Kosning þriggja fulltrúa í tilnefningarnefnd (dagskrárliður 7)

Samþykkt var samhljóða tillaga stjórnar Haga að þrír eftirtaldir fulltrúar verðir kjörnir í tilnefningarnefnd félagsins.

- Björn Ágúst Björnsson, verkfræðingur
- Kristjana Milla Snorradóttir, mannauðsstjóri
- Tryggvi Þór Haraldsson, fyrrv. forstjóri

7) Kosning stjórnar og endurskoðanda (dagskrárliður 8)

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

- Einar Örn Einarsson, f. 1977
- Eiríkur S. Jóhannsson, f. 1968
- Eva Bryndís Helgadóttir, f. 1972
- Jensína Kristín Böðvarsdóttir, f. 1969
- Sigríður Olgeirsdóttir, f. 1960

Fimm voru í framboði til stjórnar félagsins og var því sjálfkjörið. Fjórir af frambjóðendum skipuðu áður stjórn félagsins.

Samþykkt var samhljóða að endurskoðunarskrifstofan PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár.

8) Kosning um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd (dagskrárliður 9)

Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að Hannes Ágúst Jóhannesson, löggiltur endurskoðandi, yrði kosinn sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd. Var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða.

9) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum (dagskrárliður 10)

Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að félaginu verði heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga eða vegna endurkaupaáætlana eða verðjöfnunar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014, um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum. Tillagan var samþykkt samhljóða.